



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - nefndasvið
b.t. Velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. maí 2017

1705011SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frv. til br. á l. um húsnæðissamvinnufélög, 440. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 4. maí sl. þar sem kallað er eftir umsögnum um ofangreint þingmál.

Afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga

Í framkomnu frumvarpi er að finna tillögur til breytinga á því með hvaða hætti húsnæðissamvinnufélög geta fjármagnað sig og er um að ræða rýmkun á núgildandi heimildum. Er frumvarpinu ætlað að stuðla að sjálfbærum rekstri húsnæðissamvinnufélaga og að auðvelda slíkum félögum að starfa á Íslandi.


Í frumvarpinu kemur fram að ákvæði núgildandi laga um fjármögnun í d-lið 1. mgr. 5. gr. hafi verið talið binda hendur húsnæðissamvinnufélaga um of að því er varðar hvernig þau geti fjármagnað sig. Er því lagt til að auk þess að slík félög geti fjármagnað sig með lánum frá fjármálafyrirtækjum og öðrum lánastofnunum, styrkjum og framlögum frá samstarfsaðilum, þá standi þeim tvær nýjar leiðir til boða; að fjármagna sig með því að taka lán á almennum markaði og að fjármagna sig með útgáfu skuldabréfa. Er tilgangur með framlögðum breytingum að stuðla enn frekar að sjálfbærum rekstri félaganna með því að tryggja að þau eigi þess kost að velja þá fjármögnum sem þau telja hagstæðasta hverju sinni.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að einhugur hafi verið um þá leið sem lögð er til í frumvarpinu og leitað hafi verið samráðs við fulltrúa húsnæðissamvinnufélaganna Búseta hsf., Búfestar hsf. og Búmannanna hsf. Hafi öll félögin verið sammála um að við þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu aukist líkur á því að rekstur húsnæðissamvinnufélaga verði sjálfbær sem auki húsnæðisöryggi búseturétthafa.

Eins og fram hefur komið í fyrri umsögnum þá er sambandið fylgjandi breytingum sem hafa í för með sér sjálfbæran húsnæðismarkað með fjölbreyttum, raunhæfum valkostum og skynsamlegum húsnæðisstuðningi við fólk eftir efnum þess og aðstæðum. Þá verði að hafa húsnæðisöryggi búseturétthafa að leiðarljósi. Mikilvægt er að hafa í huga að starfsemi húsnæðissamvinnufélaga er samfélagslegt verkefni, sem miklu varðar gagnvart almenningshagsmunum hvernig reiðir af. Telur sambandið því umrædda breytingu jákvæða en mikilvægt sé við fjármögnun að valin sé sú leið sem félögin telja hagstæðasta og henta best á hverjum tíma með hagsmuni félagsmanna í fyrirrúmi og að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem fylgir fjármögnuninni.

Með vísan til framangreinds mælis sambandið með því að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Karl Björnsson', is written over a horizontal line. The signature is stylized and cursive.

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri